



Til forstöðumanns Sundlauga Ísafjarðarbæjar, **Sundlaugin Þingeyri**

Eins og flestum forsvaraðilum sundlauga er kunnugt fór Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra af stað með aðgengisverkefni í sumar sem var notendaúttekt á sundlaugum á svæði aðildarfélaganna m.t.t. aðgengis fyrir hreyfihamlaða. Heiti verkefnisins var: **Sundlaugar okkar ALLRA!** Og er það tilvísun til þeirrar staðreyndar að vegna margvíslegra aðgangshindrana eru fjölmargar sundlaugar landsins ekki allra, því miður. Ekki áttu öll aðildarfélög Sjálfsbjargar kost á því að taka þátt í verkefninu og ekki reyndist heldur raunhæft að taka út allar sundlaugar á starfssvæði félaganna sem þátt tóku.

En 24 sundlaugar voru teknar út og þar á meðal Sundlaugin á Þingeyri

Niðurstöðurnar eru birtar á vefsíðu Sjálfsbjargar (www.sjalfsbjorg.is) og í excelskjali sjást niðurstaða allra sundlauganna 24 og þar á meðal sundlaugin þín. Parna má bera sundlaugina saman við aðrar sundlaugar í verkefninu. Því miður sýna niðurstöðurnar allan skalann frá því að aðgengi er mjög gott niður í að sundlaugin er nær óaðgengileg hreyfihömluðu fólki.

Helstu atriðin er vekja athygli við úttekt á **Sundlauginni á Þingeyri** eru eftirfarandi:

- Í sp. # 1.2 Er sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða, er svarið nei.
- Í sp. # 1.9 Er hitalögn undir bílastæði fyrir fatlaða er svarið, nei.
- Í sp. #2.2 Er aðgengilegur þröskuldur (við inngang), er svarið nei (hurð einnig mjög þung).
- Í sp. #5.19 Er boðið uppá „kynlausa“ búningaáðstöðu (sem t.d. fatlaður einstaklingur getur notað ásamt aðstoðarmanni/konu af gagnstæðu kyni) er svarið nei.
- Í sp. #6.16 Eru blöndunartækin með framlengingu, er svarið nei (vantar einnig handsturtu).
- Í sp. #9.3.2 Er lyfta í heita potta, er svarið nei.
- Í sp. #10.3 Er lyfta til að komast ofan í laugina, er svarið nei.

Ýmislegt jákvætt er þó að finna varðandi aðgengi í sundlauginni. Endilega kynnið ykkur niðurstöðurnar og jafnframt skorum við á ykkur að gera áætlun um að betrumbæta það sem uppá vantar.

Ef einhverjar spurningar vakna eða ef ykkur vantar ráðleggingar á sviði aðgengismála hreyfihamlaðra endilega hafið samband við undirritaðan.

F.h. Sjálfsbjargar Ish.

Bergur Þorri Benjámínsson

formaður Sjálfsbjargar Ish.